

Nd.

792. Viðaukatillaga

við frumvarp til laga um viðauka og breyting á lögum um aðflutningsbann á áfengi nr. 44, 30. júlí 1909.

Flutningsmaður Jón Ólafsson.

Aftan við 1. gr. frv. bætist ný grein svohljóðandi:

Þó skal sendiræðismönnum erlendra ríkja vera heimilt að flytja frá útlöndum einu sinni á ári áfengisforða, er nemi alt að 800 lítrum til heimilisþarfa sinna um 1 ár í senn. Þó mega þessir drykkir ekki hafa meira í sjer af áfengisvökva en 15%.

Öðrum en þeim, er hjer hafa verið taldir, má ekki leyfa innflutning áfengis, flutning úr skipi í annað skip eða úr skipi í land.